

Fundargerð 144. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 10. nóvember 2023

Fundurinn haldinn á Teams og hófst kl. 10:00. Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson, Sæunn Stefánsdóttir, Práinn Lárusson og Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri og Urður Gunnarsdóttir, sem skrifaði fundargerð.

Gestur fundarins undir lið 4: Ásdís Helga Bjarnadóttir, yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú. Formaður stjórnar Austurbrúar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerð stjórnarfundar [nr. 143](#) (til kynningar) (kl. 10:00-10:02).

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð rafrænt.

2. Helstu verkefni Austurbrúar – skýrsla framkvæmdastjóra (kl. 10:02-10:25)

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni Austurbrúar, fundi og ráðstefnur:

[Evgló](#) – staða ráðningarferlis

[Matarmót](#) – 11. nóvember

[Straumhvörf](#) – Vöruþróun í ferðaþjónustu á Norður- og Austurlandi

[Sveitarfélög á krossgötum](#) - Rætt að halda samskonar ráðstefnu á Austurlandi.

Lísu-verkefnið og staða gagnvart Tækniþróunarsjóði

- [Dagur myrkurs – 31. október – 5. nóvember](#)
- [Austanátt](#)

Haustrundur atvinnuþróunarfélaga í Keflavík

Fundur með stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál

Fundur með Vísindagörðum - staða á nemendarymi ofl.

Fundur með fjárlaganefnd

Efling Egilsstaðaflugvallar

Drög að nýrri [ferðamálastefnu](#).

Fundarmenn þökkðu yfirferðina og minntu opinbera aðila á mikilvægi þess að styðja við ferðaþjónustufyrirtæki, einkum yfir vetrarmánuðina, með því að halda fundi og ráðstefnur hjá þeim, frekar en í opinberu húsnæði.

3. Framundan hjá Austurbrú (kl. 10:25 – 10:40)

Fjárhags- og starfsáætlanagerð.

Fundur á vegum Byggðastofnunar, HMS, SI, Lóunnar og Austurbrúar 20. nóvember, [sjá uppl. um sambærilegan fund hjá SSNV](#).

Vinnustofa starfsmanna markaðsstofa landshlutanna 21. – 22. nóvember.

4. Kynning á verkefnum fræðsluteymis hjá Austurbrú (kl. 10:40 – 11:25)

Ásdís Helga Bjarnadóttir yfirverkefnastjóri kom á fundinn og kynnti verkefni sem snúa að menntun og fræðslu fullorðinna; sí- og endurmenntun, innflytjendakennslu, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, fyrirtækjafræðslu, háskólaþjónustu, rannsóknar- og þróunarverkefni og samstarfsverkefni.

Ekki fleiri mál, fundi slitið kl. 11:30

Undirritunarsíða

Ragnar Sigurðsson

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Helgi Hlynur Ásgrímsson

Axel Örn Sveinbjörnsson

Þráinn Lárusson

Sæunn Stefánsdóttir